

Ed.

322. Breytingartillögur

við frv. til laga um Ríkisveðbanka Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 8. gr. Í stað orðanna »skuldabréf byggingarsjóða samkv. l. nr. 45, 14. júní 1929, um verkamannabústaði« kemur: skuldabréf byggingarsjóðs fyrir verkamannabústaði, þegar samsvarandi lagaákvæði verða sett þar um.
2. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Kostnaður allur við stjórn bankans og starfsemi greiðist af arðinum af starfsemi hans. Hrökkvi arðurinn eigi til greiðslu kostnaðarins, greiða stofnanir þær, sem Ríkisveðbankinn kaupir skuldabréf af, það, sem á vantar, að tiltölu við skuldabréfakaup Ríkisveðbankans af hverri þessara stofnana um sig á reikningsári bankans, því, sem um er að ræða. Tekjuafgangur, er verða kann á starfsemi bankans, rennur í tryggingarsjóð hans, sbr. 3. gr., en þar til tryggingarsjóður þessi hefir náð þeirri lágmarksupphæð, sem greinir í 3. gr., leggja téðar stofnanir að þeirri tiltölu, sem að ofan greinir, fram það, sem á kann að vanta, að tryggingarsjóðurinn nemi lágmarksupphæðinni.
3. Á eftir 11. gr. kemur ný grein, er verður 12. gr.:

Lög þessi öðlast þegar gildi.